

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
4. fundur 2022 (112. fundur)
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 29.08.2022 kl. 08:15 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Einar Jón Pálsson	skipulagsnefnd
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Steinþór Einarsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sveinn Valdimarsson	skipulagsfulltrúi

Kristinn Halldórsson boðaði forföll.

1. Kynning Isavia á þróunaráætlun fyrir Keflavíkurflugvöll

Brynjar Vatnsdal, deildarstjóri í þróunardeild Isavia, kynnti þróunaráætlun fyrir Keflavíkurflugvöll 2022. Þróunaráætlunin hefur verið samþykkt í stjórn Isavia en hefur ekki verið gefin út opinberlega enn sem komið er.

Umræður urðu m.a. um NA – SV flugbrautina sem sýnd er á gildandi aðalskipulagi flugvallarins. Telur skipulagsnefndin að viðræður þurfi að fara fram milli Isavia og innviðaráðuneytisins um framtíð flugbrautarinnar.

Ennfremur urðu umræður um uppbyggingu á Demantssvæði við norðurenda fyrirhugaðrar NA – SV brautar og hávaðavarnir frá svæðinu gagnvart Reykjanesbæ.

2. Stöðuleyfi við Háaleitishlað 12

Isavia sækir um stöðuleyfi fyrir tvo 20 feta gáma fyrir lögreglu vegna vegabréfaskoðunar nærri Silfurhliðinu. Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar samþykkti erindið milli funda á rafrænan hátt til 31. maí 2023. Sú ákvörðun var staðfest á fundinum.

3. Stöðuleyfi við Fálkavöll 15

Flugfélag Íslands/Icelandair sækir um stöðuleyfi fyrir geymslugám við Fálkavöll 15. Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar samþykkti erindið milli funda á rafrænan hátt til 30. nóvember 2022. Sú ákvörðun var staðfest á fundinum.

4. Tilnefning fulltrúa í svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja

Lagt var fram erindi Svæðisskipulags Suðurnesja, dags. 01.07.2022, þar sem óskað er eftir tilnefningu fulltrúa skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar í svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja.

Skipulagsnefndin tilnefni Guðmund Björnsson sem aðalfulltrúa og Steinþór Einarsson sem varafulltrúa í svæðisskipulagsnefndina.

5. Breytingar á deiliskipulagi vegna færslu Þjóðbrautar

Skipulagsfulltrúi kynnti fyrirhugaða færslu Þjóðbrautar á móts við Verne gagnaverið. Að mati skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar er nauðsynlegt að auglýsa deiliskipulag vegna færslu brautarinnar í samræmi við ákvæði skipulagslaga þar um. Bæði skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar og Reykjanesbær þurfa að koma að auglýsingu á veginum. Hvort deiliskipulag yrði auglýst fyrir sig en þó á sama tíma.

6. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 26. september 2022 kl. 08:15 í FLE.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/_layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx